



HÉRAÐSDÓMUR
REYKJAVÍKUR

D Ó M U R

1. febrúar 2022

Mál nr. E-3034/2019:

Stefnandi: A

(Hildur Helga Kristinsdóttir lögmaður)

Stefndu: Sjóvá-Almennar tryggingar hf. og B

(Sigurður Ágústsson lögmaður)

Dómarar: Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari

Björn Þorvaldsson héraðsdómari

Ragnar Jónsson bæklunarlæknir

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 21. janúar sl., er þingfest 27. júní 2019. Stefnandi er A, [...] í Reykjavík, en stefndu Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Kringlunni 5 í Reykjavík, og B, [...] í Kópavogi.

Stefnandi krefst þess aðallega að stefndu verði dæmdir til að greiða henni óskipt 3.368.664 krónur með 4,5% ársvöxtum af 757.785 krónum frá 30. nóvember 2015 til 29. febrúar 2016, en af 2.800.304 krónum frá þeim degi til 19. desember 2018, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. og 9. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, frá þeim degi til greiðsludags.

Stefnandi krefst þess til vara að stefndu verði dæmdir til að greiða henni óskipt 2.519.296 krónur með 4,5% ársvöxtum af 757.785 krónum frá 30. nóvember 2015 til 29. febrúar 2016, en af 1.950.936 krónum frá þeim degi til 19. desember 2018, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. og 9. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu krefjast þess aðallega að verða sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmd til að greiða stefndu málskostnað. Til vara krefjast stefndu þess að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og að málskostnaður verði felldur niður.

II.

Málsatvik

Mál þetta á rætur að rekja til umferðaróhapps sem átti sér stað 30. nóvember 2015 á [...] þegar bifreiðinni X var ekið aftan á bifreiðina Y sem stefnandi ók. Bifreiðin X var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. á slysdegi en stefndi B var eigandi og ökumaður bifreiðarinnar.

Í gögnum málsins lýsir stefnandi því að hún hafi fengið hnykk á háls og hryggsúlu í óhappinu. Kemur þar jafnframt fram að hún hafði samband símleiðis við heimilislækni sinn daginn eftir, eða 1. desember 2015. Stefnandi kvaðst hafa lent í aftanákeyrslu daginn áður, höggið hefði ekki verið mikið en hún hefði verið mjög stíf á eftir. Þá sagðist hún vera með verki aftan á hálsi, hún væri verri en daginn áður og hefði sofð illa vegna verkja. Stefnandi fór í viðtal 2. desember 2015 á [...] og hitti námslækni.

Stefnandi greindist með krabbamein [...] 2016 og gekkst undir [...] í byrjun apríl 2016 og samhliða [...] á [...]. Hún var síðan í meðferð hjá sjúkrahjálpara og Illuga Fanndal Birkissyni sérfræðingi í framhaldi af þessu. Af skattframtölum sem stefnandi hefur lagt fram í málinu í kjölfar áskorunar stefndu um að upplýsa um hvort hún hafi þegið eða átt rétt á örorkubótum þegar slysið varð kemur fram að launatekjur eða aðrar starfstengdar greiðslur stefnanda hafi svarað tæplega fjórðungi tekna hennar árið 2015 og rúmlega

þriðjungi tekna hennar árið 2014 en að öðru leyti hafi skattskyldar tekjur hennar þessi ár stafað frá lífeyrissjóðum og Tryggingastofnun ríkisins.

Fyrir liggur að tilkynning um áreksturinn 30. nóvember 2015 var gerð samdægurs. Með tölvupósti, dags. 1. febrúar 2017, tilkynnti lögmaður stefnanda um tjón hennar til stefnda Sjóvár.

Í vottorði heimilislæknis stefnanda, dags. 3. júlí 2017, kemur fram að samskipti stefnanda við heimilislækni sinn eftir aftanákeyrsluna hafi verið fjölmörg, eða á milli 50 og 60. Í símtali í janúar 2016 hafi komið fram að hún væri slæm í skrokknum og að henni væri búið að líða illa frá aftanákeyrslunni. Kvartanir hennar um verki í hálsi og leiðniverk í handleggi hafi verið stöðugar og þrálátar, ólíkar fyrri kvörtunum eftir aftanákeyrsluna, þar sem stefnandi hafi bæði kvartað um vissa verki og verkjaleiðni sem hún hafi ekki kvartað um áður. Greinileg breyting hafi orðið á kvörtun hennar við áður nefnda aftanákeyrslu.

Með tölvubréfi til lögmanns stefnanda, dags. 12. júlí 2017, tilkynnti stefndi Sjóvá að óskað hefði verið eftir hraða- og höggútreikningi í málinu en gleymst hefði að senda stefnanda niðurstöðuna. Í tölvubréfinu er vísað til þess útreiknings, sem og mynda af bifreið stefnanda, en í bréfinu kemur fram að stefndi telji gögnin ekki benda til þess að varanlegt heilsutjón hafi getað hlotist af atvikinu. Sagði þar jafnframt að þrátt fyrir þessa ákvörðun gæti stefndi Sjóvá, án viðurkenningar á greiðsluskyldu, komið að greiðslu kostnaðar vegna fyrstu lækniskomu og/eða annars kostnaðar vegna tímabundinna afleiðinga.

Af hálfu stefnanda var ákveðið að halda áfram gagnaöflun í málinu. Þegar frekari læknisfræðileg gögn lágu fyrir var óskað eftir því við stefnda að þar til bærir matsmenn legðu mat á tímabundnar og varanlegar afleiðingar slyssins. Var matsbeiðni þess efnis send á stefnda Sjóvá 20. nóvember 2017.

Stefndi Sjóvá svaraði þessu erindi með tölvupósti 28. nóvember 2017. Þar sagði að félagið myndi ekki standa að örorkumati á meintum varanlegum afleiðingum umferðarslyss stefnanda. Var sem fyrr vísað til þess að atvik og aðstæður slyssins bentu til þess að ómögulegt væri að nokkurt tímabundið né varanlegt líkamstjón hefði getað orðið af völdum höggins í árekstrinum. Engar formbreytingar hefðu orðið á bifreiðunum og af myndum af dæma virtist ekki hafa orðið neitt högg af árekstrinum heldur aðeins létt snerting sem engum skemmdum hefði valdið. Tjónsatburðurinn væri því alls ekki líklegur til þess að hafa valdið líkamstjóni og einkenni sem stefnandi rekti til hans væru því óskyld slysinu.

Stefnandi undi ekki afstöðu stefnda Sjóvár og skaut ákvörðuninni til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum með málskoti, dags. 5. janúar 2018. Úrskurðarnefndin staðfesti hins vegar ákvörðun félagsins með úrskurði í máli nr. 10/2018, dags. 9. febrúar 2018. Í úrskurði nefndarinnar er meðal annars vísað til þess að með læknisfræðilegum

gögnum og öðrum gögnum í málinu sé ekki sýnt fram á að orsakatengsl séu fyrir hendi á milli þeirra verkja sem hrjái stefnanda og árekstrarins. Ekki sé því nægilega sannað að orsakatengsl séu milli óþæginda stefnanda í dag og árekstrarins. Stefnandi eigi því ekki, miðað við fyrirliðgjandi gögn, rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu stefnda B hjá Sjóvá.

Lögmaður stefnanda ritaði stefnda Sjóvá bréf 4. júní 2018 þar sem upplýst var um að mál stefnanda yrði sent einhliða í mat en Sjóvá væri frjálst að koma að athugasemdum og/eða gögnum teldi félagið ástæðu til. Í gögnum málsins kemur fram að lögmaður stefnanda hafi 4. júní 2018 ákveðið að leita álits C og D lækni.

D læknir og C lögmaður skiluðu álitsgerð þann 24. október 2018. Í álitsgerðinni er fjallað um fyrra heilsufar stefnanda og kemur þar fram að hún hafi greinst með brjós-klos árið 2010 og hitt heila- og taugaskurðlækni sama ár vegna bakverkja. Í tölvusneiðmynd sem tekin hafi verið sama ár hafi komið fram slitbreytingar og liðþófaútbungun á mótum lend- og spjaldhryggjar. Þá hafi hún verið hjá gigtarlækni árið 2012 vegna verkja í öxlum og mjóbaki og hann hafi talið að stefnandi væri með sambland af slit- og vefjagigt.

Í álitsgerðinni er rakið að stefnandi sé öryrki frá árinu 2012 vegna streitueinkenna og stoðkerfisverkja, en áður hafi hún verið á endurhæfingarlífeyri og stopult í vinnu. Eftir slysið 2015 hafi kvartanir hennar verið samfelldar, stöðugar og þrálátar, ólíkt því sem áður var. Fyrri kvartanir um vöðvaverki og vöðvabólgur hafi verið breytilegar og verkir ekki stöðugir, hvorki í tíma né staðsetningu.

Í álitsgerðinni var lýst þeirri niðurstöðu að stefnandi hefði hlotið tognunaráverka á hálsi í árekstrinum 30. nóvember 2015 og að núverandi einkenni væru afleiðingar þess. Þó væri ljóst að stefnandi væri viðkvæm í hálsi fyrir, með þekktar slitbreytingar og auk þess greind með vefjagigt, en tekið væri tillit til þess. Í niðurstöðum matsmanna kemur fram að þeir hafi kynnt sér framlagða útreikninga úr PC Crash-forriti sem taki mið af formbreytingum á ökutækjum og leit í gagnagrunni að sambærilegum tjónum. Þótt slíkir útreikningar geti veitt vísbendingu um hvort líkamstjón hafi orðið af árekstri verði einnig að líta til þess að um líkindaútreikning sé að ræða þar sem líklegasti hraði og hröðun bíls eftir áreksturinn sé metinn en ekki líkamlegt ástand tjónþola eftir slys. Auk þess hafi verið bent á að árekstrarpróf í tilraunaskyni nái ekki að endurskapa þær aðstæður sem verði við raunverulega árekstra þar sem niðurstöður þeirra byggist oftar en ekki á ástandi hraustra ungra manna, en ekki einstaklinga sem séu veikir fyrir. Prófin taki þannig ekki mið af lækisfræðilegum gögnum og líkamlegu ástandi tjónþola fyrir slys.

Stefnandi sótti um gjafsókn vegna málsins og var henni veitt gjafsóknarleyfi 13. maí 2019.

Í kjölfar þess að stefnandi höfðaði þetta mál lagði stefndi Sjóvá fram matsbeiðni fyrir dóminum þar sem þess var óskað að metið yrði hver hefði verið líklegasti hraði bifreiðarinnar sem rakst aftan á bifreiðina sem stefnandi ók, sem og hver hefði verið minnsti og mesti líklegi hraði sömu bifreiðar. Þá var óskað eftir mati á samsvarandi

spurningum um þyngdarhröðun bifreiðarinnar. Í kjölfarið var E, prófessor í vélaverkfræði við Háskóla Íslands, dómkvaddur til að svara umræddum spurningum.

Matsgerð E var lögð fram í dóminum 9. mars 2021. Í henni kemur meðal annars fram að líklegasti hraði bifreiðarinnar X þegar hún rakst aftan á bifreiðina sem stefnandi ók hafi verið 6 km/klst., og eigi það jafnframt við um mesta og minnsta líklega hraða bifreiðarinnar. Í matsgerðinni segir að mesta meðalhröðun sem ökutæki stefnanda gæti hafa orðið fyrir í árekstrinum sé 0,85 g. Það sé sama hröðun og ef árekstrarhraði bifreiðar stefnda B væri 7 km/klst. Samkvæmt því eigi þessi aftanákeyrsla ekki að hafa getað valdið varanlegum áverka á öikumanni eða farþega í ökutækinu sem ekið hafi verið á. Þessu til staðfestingar megi nefna að samkvæmt meistararitgerð Bussone sé hröðun sem einstaklingur verði fyrir í daglegu lífi, t.d. þegar hann stendur upp, sest niður eða gengur af stað, á bilinu 1–3 g, og sé þá um meðalhröðun að ræða yfir tímabil atburðarásar.

Við aðalmeðferð málsins fyrir dómi lýsti stefnandi því að langt væri liðið frá slysinu og sér hefði brugðið við það en hún myndi ekki vel eftir því. Hún hefði síðan farið að finna fyrir einkennum slyssins um jólin og meiri stífni og höfuðverk. Stefnandi kvaðst ekki vita hvort hún hefði getað unnið meira í starfi sínu sem sjúkraliði ef slysið hefði ekki orðið, en hún hefði starfað sem sjúkraliði samhliða því að fá bætur frá Tryggingastofnun.

Við aðalmeðferð málsins rakti matsmaðurinn D að í ljósi þess hversu vægur áreksturinn var væru litlar líkur á því að stefnandi hefði orðið fyrir líkamstjóni í slysinu. Ekki væri hins vegar hægt að útiloka að svo væri, sérstaklega þegar horft væri til þess að stefnandi hefði verið mjög viðkvæm fyrir. Það mætti enn fremur ekki vanmeta áhrif óvænts áverka, þótt hann væri vægur. Þannig gæti einstaklingur stokkið niður úr nokkurri hæð einn daginn ómeiddur þar sem hann væri viðbúinn því en slasað sig við að stíga niður af gangstétt ef hann væri ekki viðbúinn því. Vitnið taldi matsgerð E um hröðun ekki hnekkja því sem fram kæmi í öðrum gögnum málsins. Til dæmis kæmi fram í gögnum frá sjúkraþjálfara og lækni að stefnandi hefði verið að kvarta yfir verkjum sem komið hefðu til í kjölfar slyssins samfelld þrátt fyrir að hafa greinst með krabbamein. Matsmaður lýsti því enn fremur að þrátt fyrir að stefnandi hefði verið með stoðkerfisvandamál og verið lengi óvinnufær, þá hefðu matsmenn ekki talið að hún væri varanlega óvinnufær.

Að sögn vitnisins var ekki ákveðið að afla frumrits úr sjúkraskrá stefnanda í heild. Matsmenn hefðu talið að hægt væri að byggja álitserð þeirra á ítarlegu vottorði heimilislæknis og upplýsingum sjúkraþjálfara. Við mat á örorku stefnanda hefði verið tekið mið af þeim einkennum sem stefnandi hafði fyrir slys.

Matsmaðurinn C lýsti því jafnframt að hann hefði einnig talið ólíklegt að líkamstjón hefði orðið í eins vægum árekstri og um var að ræða. Hins vegar hefðu matsmenn einnig litið til þess að stefnandi hefði verið viðkvæm fyrir, t.d. með stoðkerfisvandamál. Þá hefðu

sjúkragögn gefið til kynna að stefnandi hefði verið með aukin einkenni í kjölfar slyssins, t.d. um verkjaleiðni. Af þeim sökum hefðu matsmenn talið að orsakatengsl væru á milli slyssins og hálseinkenna. Þá hefðu matsmenn litið svo á að stefnandi hefði haft getu til að afla atvinnutekna, þótt sú geta hefði vissulega verið skert. Aukin líkamleg einkenni hennar hefðu verið talin leiða til skerðingar á þeirri getu þannig að hún hefði verið metin 5%.

E, dómkvaddur matsmaður, kom einnig fyrir dóminn við aðalmeðferð málsins 21. janúar 2022. Matsmaðurinn staðfesti matsgerð sína og benti á að lítið þyrfti til að númeraplata setti mark sitt á stuðara. Taldi hann að hröðunin hefði ekki náð þeim mörkum sem gætu valdið alvarlegum áverka. Hann hefði þó einungis reiknað út hröðun á bifreiðinni en ekki hálsi stefnanda. Markið á stuðaranum gerði það hins vegar að verkum að hægt væri að segja til um að hröðunin hefði verið lítil. Höggið hefði verið meira og markið á stuðaranum ef bifreiðin hefði verið á meiri ferð, sérstaklega þegar haft væri í huga að bifreiðin sem keyrði aftan á hana væri 344 kg þyngri. Miðað við hröðun bifreiðarinnar hefði margt annað í daglegu lífi getað valdið sama áverka á stefnanda, t.d. það að setjast inn í bílinn.

Vitnið F, heimilislæknir stefnanda, kom einnig fyrir dóminn og staðfesti fyrirliggjandi læknisvottorð í málinu.

III.

Málsástæður stefnanda og lagarök

Stefnandi byggir skaðabótakröfu sína á 88.–91. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem hún hafi orðið fyrir líkamstjóni sem rekja megi til notkunar bifreiðarinnar X þegar henni var ekið aftan á bifreið stefnanda 30. nóvember 2015. Stefndi B hafi á slysdegi verið skráningarskyldur eigandi bifreiðarinnar X sem tryggð var lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda Sjóvá, sbr. 95. gr. og 1. mgr. 97. gr. umferðarlaga.

Dómkröfur stefnanda byggist á niðurstöðu álitsgerðar D og C sem aflað hafi verið á grundvelli 10. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 9. gr. laga nr. 37/1999. Stefnandi byggir á því að fyrirliggjandi álitsgerð sé fullgilt sönnunargagn um umfang tjóns hennar og orsakasamhengi, en þar séu staðfest orsakatengsl á milli einkenna stefnanda frá hálsi og umferðarslyssins 30. nóvember 2015. Þá hafi stefndi Sjóvá hvorki nýtt sér heimild 10. gr. skaðabótalaga til að bera álitsgerðina eða niðurstöðu hennar undir örorkunefnd né óskað eftir dómkvaðningu matsmanna til þess að hnekkja fyrirliggjandi matsgerð. Stefnda Sjóvá hafi enn fremur gefist kostur á að koma að athugasemdum þegar óskað var eftir matinu.

Stefnandi byggir á því að hún eigi rétt til fullra bóta úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar X hjá stefnda Sjóvá vegna þess varanlega líkamstjóns sem hún hafi hlotið í slysinu þann 30. nóvember 2015 og hafi verið staðfest í álitsgerð þeirra D læknis og C

lögmanns. Ein af meginreglum skaðabótalaga sé að tjónþoli eigi rétt á að líkamstjón hans verði metið þegar stöðugleikapunktur er náð, sbr. 5. gr. skaðabótalaga. Samkvæmt 10. gr. skaðabótalaga eins og ákvæðinu var breytt með 9. gr. laga nr. 37/1999 hafi hugsunin verið sú að aðalreglan væri að málsaðilar myndu sjálfir afla sérfræðilegs álits um örorku- og/eða miskastig og þá lækisfræðilegu þætti sem meta þyrfti skv. 2. og 3. gr. laganna til þess að ljúka mætti bótauppgjöri. Í athugasemdum um 9. gr. sem fylgdu frumvarpi til breytingalaga nr. 37/1999 segi að sérfræðilegt mat sem annar málsaðila afli geti tjónþoli eða sá sem krafinn sé bóta borið undir örorkunefnd.

Stefnandi áréttar að það sé óumdeilt að áreksturinn þann 30. nóvember 2015 hafi ekki verið harður, en engu að síður hafi hún fengið hálsþnykk og orðið stíf á eftir og það sé staðfest í lækisfræðilegum gögnum. Þau gögn sýni að kaflaskil hafi orðið á heilsufari stefnanda í kjölfar slyssins, sbr. umfjöllun í vottorði heimilislæknis frá 3. júlí 2017.

Að mati stefnanda sé fyrirliggjandi matsgerð ítarleg og faglega unnin og þá hafi legið fyrir öll nauðsynleg gögn varðandi málið þegar matið fór fram, þ.á m. upplýsingar um fyrri heilsufarssögu stefnanda og enn fremur þau gögn sem stefndi Sjóvá hafi byggt á, þ.e. fyrrnefnd PC Crash-skýrsla og upplýsingar um viðgerð á bifreið stefnanda. Ekki sé því hægt að halda öðru fram en að matsmenn hafi haft réttar forsendur til þess að komast að niðurstöðu um orsakasamhengi í málinu.

Málsástæður stefndu

Aðalkrafa stefndu um sýknu byggist á því að ósannað sé að orsakatengsl séu fyrir hendi milli árekstrarins og þeirra einkenna sem stefnandi reki til hans. Sönnunarbyrði um orsakatengsl á milli slyss og tjóns og umfangs tjóns hvíli alfarið á stefnanda, en hún hafi hvorki sýnt fram á né sannað að orsakatengsl séu á milli einkenna og verkja sem hún búi við í dag og umferðarslyssins 30. nóvember 2015. Stefndu telji stefnanda verða að bera hallann af þeim sönnunarskortum en stefndu telji ljóst, með hliðsjón af atvikum öllum, að engar líkur séu á því að umrætt umferðarslys hafi valdið stefnanda tímabundnu, hvað þá varanlegu, líkamstjóni, eins og stefnandi haldi fram.

Stefndu telja í fyrsta lagi að kraftur í umræddum tjónsatburði hafi ekki verið nægur til þess að valda skaða á líkama stefnanda. Samkvæmt PC Crash-skýrslu, dags. 3. janúar 2017, hafi höggið á bifreið stefnanda í árekstrinum verið afar vægt og matsgerð dómkvaddis matsmanns beri að sama bruni. Af fjölda ljósmynda sem liggja fyrir í málinu af bifreiðunum megi sjá að ekkert tjón hafi orðið á bifreiðunum í umræddu slysi. Engar formbreytingar hafi orðið á bifreiðunum og af myndunum að dæma virðist ekki hafa orðið neitt högg af árekstrinum, aðeins létt snerting sem ekki geti valdið varanlegu líkamstjóni.

Eftir að bótaskylda var samþykkt af hálfu stefnda Sjóvár hvað viðkom tjóni á bifreiðinni Y vegna aftanákeyrslu, hafi stefnandi leitað til verkstæðis, sem vinnur fyrir

stefnda Sjóvá, vegna rispa á stuðara. Þessar grunnu rispur megi glögglega sjá á ljósmyndum. Skipt hafi verið um stuðara og hann málaður. Þessi viðgerðarkostnaður hafi verið greiddur úr ábyrgðartryggingu X. Í PC Crash-skýrslunni komi fram að sá sem vann skýrsluna hafi ekki talið umræddar rispur hafa getað orðið til við áreksturinn 30. nóvember 2015, þar sem þær væru eftir oddhvassa hluti og stefna þeirra væri skáhallt niður á við. Þá hafi verið nokkrar rispur ofan á kápunni sem skýrsluhöfundur hafi talið líklegast að hefðu komið við lestun og losun bifreiðarinnar. Stefndu vísa enn fremur til þess að engar skemmdir hafi verið sjáanlegar á framhluta X. Hvorki hafi komið beyglur á númeraplötuna né brot í plastrammann utan um númerið.

Stefndi B, sem var ökumaður bifreiðarinnar X, hafi borið að bifreið hans hefði verið á mjög litlum hraða og rétt runnið á bifreið stefnanda án þess að nokkurt högg hefði orðið við áreksturinn. Af PC Crash-skýrslunni megi ráða að þeir kraftar sem orkuðu á líkama stefnanda af högginu hafi að öllum líkindum verið verulega minni en t.d. við að aka yfir hraðahindrun eða setjast niður í stól. Vottorð lækna og annarra meðferðaraðila byggist eingöngu á frásögn stefnanda en séu ekki studd neinum hlutlægum rannsóknum. Einhliða frásögn stefnanda af því hvernig hún upplifði atvikið eða hvaða einkenni hún reki til slyssins hafi takmarkað sönnunargildi gegn andmælum stefndu.

Stefndu vísa enn fremur til þess að stefnandi hafi aflað einhliða álitsgerðar frá D lækni og C lögmanni. Þótt matsbeiðnin beri það með sér að álitsgerðar hafi verið aflað sameiginlega hafi svo ekki verið enda sé engin undirritun f.h. stefnda Sjóvár á matsbeiðninni. Af tölvupóstsamskiptum aðila megi einnig sjá að stefnandi hafi aflað álitsgerðarinnar einhliða.

Stefndu mótmæla sönnunargildi álitsgerðar þeirra D og C. Stefndu telja að matsmenn hafi ekki tekið nægjanlegt tillit til fyrri sjúkrasögu stefnanda. Þannig liggi fyrir að stefnandi hafi frá árinu 2012 verið metin öryrki vegna streitueinkenna og stoðkerfisverkja og að hún hafi á árinu 2010 verið greind með brjós-klos. Einnig liggi fyrir að stefnandi eigi sögu um vefjagigt og slitgigt og hafi verið greind með miðtaugaklemmu í báðum höndum fyrir slysið. Þá liggi fyrir að stefnandi hafi verið í miðri meðferðartörn í nóvember 2015 þegar hún lenti í slysinu og hafði leitað reglulega til sjúkrahjálfa í gegnum árin. Einnig liggi fyrir að segulóm skoðun sem fór fram eftir matsfund hafi ekki sýnt áverkamerki eða brjós-klos. Stefndu mótmæli því niðurstöðu um 7 stiga varanlegan miska sem of hárrí. Einkenni stefnanda sem hún reki til slyssins séu almenns eðlis og hrjái marga án þess að slys þurfi að koma til.

Stefndu mótmæla einnig þeirri niðurstöðu álitsgerðarinnar að stefnandi sé metin til 5% varanlegrar örorku. Fyrir liggur að stefnandi hafði verið mjög stopult á vinnumarkaði árin fyrir slysið og var ekki á vinnumarkaði er slysið átt sér stað og virðist lítið hafa verið á vinnumarkaði árin fyrir slysið. Af gögnum málsins sé ljóst að stefnandi var metin til hæsta örorkustigs af Tryggingastofnun þann 5. apríl 2017. Gildistími

örorkumatsins sé frá 1. júlí 2017 til 30. júní 2022. Þá kemur einnig fram í álitserð þeirra D og C að stefnandi hafi verið metin til örorku hjá Tryggingastofnun árið 2012.

Stefndu vísa til þess að við mat á varanlegri örorku sé hefðbundið að miða við samanburð á áætlaðri atvinnuþátttöku tjónþola ef slysið hefði ekki komið til og áætlaðrar atvinnuþátttöku og tekjuöflunarhæfni að teknu tilliti til líkamstjónsins af völdum slyssins. Stefndu telji það ósannað að stefnandi hafi haft nokkurt tekjuöflunarhæfi er slysið átti sér stað.

Verði ekki fallist á sýknukröfu stefndu gera stefndu þá kröfu að bótakröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Til stuðnings varakröfu er vísað til rökstuðnings aðalkröfu eftir því sem við á.

Um útreikning á bótum fyrir varanlega örorku er því sérstaklega mótmælt að rökstandi til þess að beita undantekningarreglu 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga um árslaunaviðmið. Stefnandi þurfi að færa sönnur fyrir því að tekjur hennar síðustu þrjú árin fyrir slys gefi ekki rétta mynd af þeim tekjum sem hún hafi að jafnaði haft um ævina eða hefði að líkindum haft í framtíðinni. Að mati stefndu hafi hún ekki gert það. Sönnunarbyrðin fyrir því að aðstæður séu óvenjulegar og því beri að leggja laun Sjúkraliðafélags Íslands á slysári til grundvallar hvíli á stefnanda. Engin gögn styðji það að þau laun gefi réttari mynd af tekjum stefnanda. Þvert á móti þá virðist tekjur stefnanda jafnt fyrir slysið sem eftir það hafa verið engar eða mun lægri en lágmarkslaunaviðmið skaðabótalaga.

Sérstaklega er því mótmælt að stefnandi bæti við árslaun samkvæmt aðalkröfu 11,5% viðbót vegna lífeyrissjóðsframlags vinnuveitanda. Enda sé ljóst að mótframlag vinnuveitanda á slysári 2015 var 8%.

IV.

Niðurstaða

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort stefnandi hafi orðið fyrir bótaskyldu tjóni vegna árekstrar á [...] 30. nóvember 2015 þegar bifreiðinni X var ekið aftan á bifreiðina Y, sem stefnandi ók. Bifreiðin X, sem stefndi B ók, var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Í meginatriðum snýst ágreiningurinn um það hvort orsakatengsl séu á milli árekstrarins og þeirra verkja sem stefnandi hefur lýst í kjölfarið og hvort stefndu beri því ábyrgð á tjóninu. Varnir stefndu byggjast að verulegu leyti á því að áreksturinn 30. nóvember 2015 hafi verið svo vægur að hann hafi ekki verið til þess fallinn að valda tímabundnum eða varanlegum einkennum stefnanda.

Samkvæmt meginreglu skaðabótaréttar ber þeim sem heldur fram skaðabótakröfu að sanna að hann hafi orðið fyrir tjóni, auk þess sem hann ber sönnunarbyrðina fyrir því að orsakatengsl séu milli tjóns hans og bótaskylds atviks. Af því leiðir að það er stefnanda

í þessu máli að sanna tjón sitt og jafnframt að tjónið megi rekja til atvika sem stefndu beri ábyrgð á í samræmi við ákvæði 91. gr. umferðarlaga.

Málatilbúnaður stefnanda um að orsakatengsl séu fyrir hendi byggist í grundvallaratriðum á álitserð þeirra D læknis og C lögmanns, dags. 24. ágúst 2018, þar sem varanleg örorka hennar er metin 5% og varanlegur miski 7 stig. Þá hefur stefnandi einnig vísað til fyrirbyggjandi læknisvottorða og upplýsinga úr eigin sjúkragögnum.

Við mat á því hvort álitserðin feli í sér fullnægjandi sönnun fyrir því að áreksturinn 30. nóvember 2015 hafi valdið stefnanda líkamstjóni verður ekki litið fram hjá því að telja verður sannað með matsgerð dómkvadds matsmanns, E, að bifreið stefnda B hafi verið á afar litlum hraða þegar henni var ekið aftan á bifreið stefnanda. Þá ber skýrslum þeirra D og C, höfunda álitserðarinnar, fyrir dóminum saman um að í ljósi þess hversu vægur áreksturinn var teldu þeir litlar líkur á því að stefnandi hefði orðið fyrir líkamstjóni í slysinu. Ekki væri hins vegar hægt að útiloka að svo væri, sérstaklega þegar horft væri til þess að stefnandi hefði verið mjög viðkvæm fyrir og með stoðkerfisvandamál.

Dómurinn telur að þegar litið er til skýrslna þeirra D og C fyrir dómi og efnis álitserðarinnar sé ljóst að sú niðurstaða þeirra að stefnandi hafi orðið fyrir líkamstjóni byggist að verulegu leyti á því mati þeirra að stefnandi hafi verið viðkvæm fyrir. Er þá meðal annars vísað til þess að hún hafi glímt við stoðkerfisvandamál. Þrátt fyrir að niðurstaða þeirra um þetta atriði byggist á mati á heilsufari stefnanda liggur fyrir að ekki var aflað sjúkraskrár stefnanda við gerð álitserðarinnar heldur var þar einungis byggt á þeim gögnum sem hún hafði sjálf látið í té um mat á heilsu sinni.

Með hliðsjón af því að heilsufarssaga stefnanda er um margt flókin og að höfundar álitserðarinnar hafa sjálfir lýst því fyrir dómi að þeir telji litlar líkur á að stefnandi hafi orðið fyrir líkamstjóni í slysinu verður að telja það til annmarka á matsgerðinni að ekki hafi verið aflað heildstæðra upplýsinga um sjúkrasögu stefnanda úr sjúkraskrá hennar. Af þeim sökum verður að leggja til grundvallar að stefnandi hafi ekki sýnt nægjanlega fram á að hún hafi orðið fyrir tjóni í árekstrinum 30. nóvember 2015.

Með vísan til framangreindra atriða verður ekki talið að stefnandi hafi fært fullnægjandi sönnun á að hún hafi orðið fyrir líkamstjóni sem rekja megi til slyss sem hún lenti í 30. nóvember 2015 og stefndu beri ábyrgð á. Af þeim sökum verður ekki hjá því komist að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu. Eftir atvikum og með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt að málskostnaður milli aðila falli niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hennar, Hildar Helgu Kristinsdóttur, sem telst hæfilega ákveðin 1.200.000 krónur. Í samræmi við úrskurð Landsréttar í máli nr. 288/2018 er þóknun lögmanns hennar ákveðin án virðisaukaskatts.

Dóm þennan kveða upp Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari og dómsformaður, Björn Þorvaldsson héraðsdómari og Ragnar Jónsson bæklunarlæknir, sem sérfróður meðdómandi.

D Ó M S O R Ð :

Stefndu, Sjóvá-Almennar tryggingar hf. og B, eru sýknaðir af kröfum stefnanda, A.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmanns hennar, Hildar Helgu Kristinsdóttur, sem telst hæfilega ákveðin 1.200.000 krónur.

Kjartan Bjarni Björgvinsson

Björn Þorvaldsson

Ragnar Jónsson

Rétt endurrit staðfestir:

Héraðsdómi Reykjavíkur 1. febrúar 2022.